

**511. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 28. desember
2018 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður og Smári Karlsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag - Eyrarskjól - 2018050049

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Eyrartún, reitur 2. Tillagan er dagsett 21.12.2018. Gerðar voru breytingar á uppdrætti í samræmi við bókun skipulags- og mannvirkjanefndar frá fundi nr. 510 Breytingin felst í því að mörkum skipulagsins er breytt og fallið er frá skilmálabreytingu á Túngötu 10 og 12 ásamt skilmálabreytingum við Eyrargötu 3.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að breytingar á áður auglýstum uppdrætti séu þess eðlis að ekki þurfi að auglýsa að nýju og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar.

2. Heildarendurskoðun aðalskipulags Súðavíkurhrepps - Umsagnar óskað - 2017040004

Jóhann Birkir Helgason óskar eftir umsögn Ísafjarðarbæjar, á endurskoðun Aðalskipulags Súðavíkurhrepps 2018-2030, f.h. Súðavíkurhrepps. Tillagan er send til kynningar á vinnslustigi sbr. gr. 4.6.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, umsagnarbeiðni barst í tölvupósti dags. 28. nóvember 2018

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030

3. Látrar í Aðalvík - ósk um niðurrif - 2014090019

Drög að bréfi til Miðvíkur, kynnt. Þ.e. vegna óleyfisframkvæmda að Látrum.

4. Eyrarskjól - viðbygging - 2016020093

Kynntir uppdrættir frá Arkþing að viðbyggingu Eyrarskjóls

Gögn kynnt.

5. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum - 2018 leyfisveitingar, rekstrarleyfi - 2018010057

Á fundi bæjarráðs nr. 1043 var kynnt minnisblað Erlu Bryndisar Kristjánsdóttur, landslagsarkíttekts, dags. 7. desember sl., varðandi gistirými á íbúðarsvæðum í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Bæjarráð vísar erindi á skipulags- og

mannvirkjanefnd.

Minnisblað kynnt, og skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50

Sigurður Mar Óskarsson

Anton Helgi Guðjónsson

Smári Karlsson

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Axel Rodriguez Överby